


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Sambýkkt: SHJ		
Síða 1 af 2	Þjóðhagfræði HAG113 fjarkennsla	
	Námsáætlun haustönn 2016	

Kennari	Hálf dán Örnólfsson	Sk.st.	HÖR
----------------	---------------------	---------------	-----


Áfangalýsing:

Kynnt eru grunnhugtök og meginviðfangsefni hagfræðinnar. Fjallað er um grunneiningar hagkerfisins og samspil þeirra í markaðsþjóðfélagi. Hringrás efnahagslífsins er útskýrð og fjallað um helstu hagstærðir þjóðarbúsins og innbyrðis tengsl þeirra. Meginþættir í efnahagsþróun eru teknir fyrir og hagræn vandamál skoðuð með dæmum úr íslensku efnahagslífi. Kynnt er margvísleg framsetning á hagfræðilegu efni. Nemendur fá þjálfun í að lesa úr línuritum og innsýn í notkun vísitalna, hlutfallareiknings, vegins meðaltals og fleiri algengra aðferða við vinnslu á hagfræðilegum upplýsingum. Áhersla er lögð á að nemendur geti hagnýtt sér Netið til öflunar hagfræðilegra upplýsinga.

Markmið:

Að áfanganum loknum skulu nemendur:

- þekkja grundvöll hagfræðinnar sem fræðigreinar, meginviðfangsefni og grundvallarspurningar
- þekkja helstu einkenni markaðshagkerfis og blandaðs hagkerfis
- þekkja grunneiningar hagkerfisins og meginhlutverk þeirra
- þekkja lögmál markaðarins og geta útskýrt meginþætti verðmyndunar á markaði
- þekkja til helstu aðila á vinnumarkaði og þeirra þátta er mestu varða í samskiptum þeirra og í launamyndun almennt.
- þekkja hringrás opin, blandaðs hagkerfis
- þekkja til ráðstöfunaruppgjör þjóðhagsstærða.
- geta skýrt þann mun sem er á vergum hagstærðum og hreinum, þjóðarframleiðslu og landsframleiðslu, markaðsverði og þáttaverði.
- þekkja helstu tekjuhugtök og aðferðir við að skoða tekjuskiptingu
- þekkja til helstu umsvifa hins opinbera í efnahagslífinu og aðferða til fjármögnunar þeirra
- þekkja til helstu aðila á peningamarkaði, þekkja hlutverk seðlabanka og geta útskýrt hvaða þættir ákvarða peningaframboð, peningaeftirspurn og þar með vaxtastigið
- þekkja til helstu ákvörðunarþátta utanríkisviðskipta s.s. kenninga um hlutfallslega og hreina hagkvæmni
- þekkja til greiðslujafnaðar og samsetningar hans með sérstakri áherslu á viðskiptajöfnuð
- þekkja helstu áhrifaþætti nafngengis gjaldmiðla og tilhögun við skráningu á gengi íslensku krónunnar
- þekkja hugtakið hagvöxtur, helstu ákvörðunarþætti og vanda við mat á honum m.a. með tilliti til umhverfisvandamála.
- þekkja til helstu vandamála í efnahagslífinu s.s. verðbólgu, atvinnuleysis og erlendarar skuldafnunnar.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Sambýkkt: SHJ		
Síða 2 af 2	Þjóðhagfræði HAG113 fjarkennsla Námsáætlun haustönn 2016	

Námsgögn:

Lesefni frá kennara og stuðningsefni á vef.

Áætlun um yfirferð:


Vika	Námsefni	Verkefni	Gagnvirk próf
37	Inngangur að þjóðhagfræði	Verkefni 1.	Próf 1.
38	Hagkerfið og grunneiningar þess	Verkefni 2.	Próf 2.
39	Verðmyndun	Verkefni 3.	Próf 3.
40	Vinumarkaður	Verkefni 4.	
41	Efnahagshringrás, þjóðhagsreikningar	Verkefni 5.	Próf 4.
42	Efnahagshringrás, þjóðhagsreikningar	Verkefni 6.	
43	Tekjur, neysla, sparnaður og fjárfestingar	Verkefni 7.	Próf 5.
44	Hið opinbera	Verkefni 8.	
45	Peningamarkaður	Verkefni 9.	Próf 6.
46	Utanríkisviðskipti	Verkefni 10.	Próf 7.
47	Efnahagsþróun og hagstjórn	Verkefni 11.	Próf 8.
48	Upprifjun (efnahagshringrás)	Verkefni 12.	

Námsmat og vægi námsþátta:

Matsform: <input type="checkbox"/> Símat <input checked="" type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf <input type="checkbox"/> Lokaverkefni		
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta	Vægi
	Verkefni 1-12. Metin á 2,5% hvert.	30.00%
	Gagnvirk próf 1-8. Metin á 2,5% hvert.	20.00%
	Lokapróf	50.00%
	Samtals:	100%
Annað:		

Dagsetning:

Undirritun kennara



Katrin Harðardóttir
Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils